

Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2019
UST201809-304/F.T.
08.11.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 11. mars 2019 þar sem stofnunin áfirmaði að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 14. desember 2018.


Frávikið var eftirfarandi:

- Gr. 3.9 í starfsleyfi.** Áætlun um meðhöndlun og flokkun úrgangs sem kveðið er á um í grein 3.9 í starfsleyfi lá ekki fyrir. **Gögnin bárust þann 29. apríl sl.** Stofnunin gerir þó athugasemd við áætlunina. Í áætlun rekstraraðila er talað um að sýkt dýrahræ fari í urðun. Samkvæmt reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skulu sýkt dýrahræ almennt brennd eða þau þrýstisæfð áður en þau eru urðuð. Tilhögunin stangast því á við ákvæði reglugerðarinnar og fer stofnunin fram á að framangreint verði leiðrétt.

Umhverfisstofnun hafa borist þau gögn sem óskað var eftir en stofnunin óskar þess þó að áætlunin verði uppfærð m.t.t. framangreindra athugasemda. Úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfullst



Frigg Thörlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis